

2/2 1968.

S T A R F S S K Ý R S L A .
=====

1 9 6 7
=====

Gróðrarstöðim Tumastöðum.
=====

Veðurfar ársins.

Hér á eftir verður getið þess helzta í veðurfari hvers mánaðar, en ekki dregið saman í tímabil eins og gert hefur verið í fyrri starfsskýrslum. Á eftir fylgir tafla um meðalhita, lágmarks- og hámarkshita, sólardaga, úrkomu í m/m., úrkomudaga og daga sem hafa meiri vindhraða en 4 st., upplýsingar þessar eru teknar úr veðurskýrslu frá Sámsstöðum. Einnig er aftast í töflunni meðaltal frá sama stað.

Janúar. Úrkoman lítið ofan við meðallag, en mun hlýrri en meðaltal sýnir, nokkuð veðrasamur.

Febrúar. Hlýr og úrkoma í meðallagi, ringdi ekki mikið á hverjum degi en oftast úrkoma, snjór sama og engin.

Marz. Mánuðurinn miklu kaldari en í meðallagi og snjóasamur enda 2/3 úrkomunnar snjór. 27 daga mánaðarins var frost og er það óvenjulegt. Veðrasamt í mesta lagi.

Apríl. Hin kalda veðráttu heldur áfram í þessum mánuði. veðrasamt og úrkoma yfir meðallag, en oftast rigning. Klaki mikill í jörðu. Frost 11 daga.

Mái. Mánuðurinn byrjaði með frosti og hægviðri, 4. og 5. snjóaði dálítið en úrkoma úr því varð sáralítill enda langt fyrir neðan meðallag. Mánuðurinn óvenju kaldur og þurr, en hægviðrasamur. Síðasta frost varð nóttina milli 19. - 20. mán. - 3,0 gr.

Júní. Hægviðrasamur, fremur kaldur með næstum tvöfalda úrkomu, gífóðri fór hægt fram. Mánuðurinn þó hagstæður öllum úti verkum. Hrím á jörðu aðfaranótt 7.. Klaki fór sumstaðar ekki úr jörðu hér fyrr en um 10. júní.

Júlí. Tæplega í meðallagi hlýr, úrkoma fyrir neðan meðallag, hægviðrasamur og góð tíð í alla staði.

Ágúst. Tíð mild en fremur svöl, úrkoma 1/3 meiri en í meðalári en kom á fáum dögum, ekki mikið sólfar en milt veður.

September. Heldur kaldari en í meðallagi, úrkoma um meðallag og féll á fáum dögum. Þurr veður 17 daga. Hægviðri jafnan og aldrei sterk veður eins og oft verða í þessum mánuði. Hrím var á jörðu að morgni þess 6. og var það það eina sem vart varð við frost.

Október. Þurrviðrasamur í mestalagi. Sólríkur og hægviðrasamur, aldrei stórveður. Fyrsta frostnóttin var milli 3. - 4. en svo byrjaði að frjósa á auða jörð 15. og girti fyrir alla jarðvinnzlu og er það óvenju snemma. Áratugir hafa liðið síðan komið hefur jafn þurr og kaldur október.

Nóvember. Kaldur og úrkomasamur og úrkoman að miklu leiti snjór. Úrkomulaust var fram að 8. og norðlæg með talsverðu sólfari. Eftir 8. breitti í rigningu og snjóa veður flesta daga og áttin suðvestlæg. Skiptist á snjór og rigning með áfreðum. Veðrasamur.

Desember. Tíðarfar yfirleitt rysjótt og umhleypingasamt. Dagana frá 10. - 14. gerði hlýviðri með rigningu og ringdi þá 132,9 m/m og er það óvenju mikil úrkoma og olli hún smá skemmdum. Veðrasamur í mestalagi.

	meðalh. lágmark hámark sólar- mánuður C kl. 8 kl. 20 dagar regn br.snj. dagar	úrkomu m/m	úrkomu m/m	úrkomu vindhr.	Meðaltal árána 1928 - 1960	meðalh.c úrkoma m/m úrkomud.
Janúar	2,2 -0,3 3,8	12 144,5	9,0	14	12	-0,3 105,2 18
Febr.	1,7 0,0 3,8	6 93,1	10,9	19	12	0,2 94,8 15
Marz	-2,8 -5,8 0,7	17 55,1	35,0	12	15	1,8 92,3 15
Apríl	2,2 -0,4 5,1	16 116,8	13,8	17	12	3,8 69,0 15
Mai	6,0 2,1 10,0	27 18,2	2,8	8	4	7,5 53,5 14
Júní	9,0 6,3 12,5	18 117,4		20	13	10,3 56,2 15
Júlí	11,4 7,7 15,0	18 49,3		10	7	12,1 65,8 17
Agúst	10,5 7,2 13,9	13 120,4		14	5	11,2 89,3 19
Sept.	8,2 6,2 11,7	17 109,8		13	8	8,6 106,1 19
Okt.	2,8 0,7 6,1	19 25,3	3,9	10	11	4,8 128,3 19
Nóv.	0,4 -1,9 2,1	11 116,7	36,3	17	15	2,4 111,4 17
Des.	-1,0 -2,6 0,8	7 245,6	32,1	14	19	1,0 107,0 19
		(1.356,8)				
Alls	50,6 19,2 85,5	181 1212,2	144,6	168	133	1078,9 202
Meðaltal	4,22 1,6 7,13		113,0			5,3 89,9
Mai-sept.	9,0	93 417,9		65	37	9,94 370,9 84

Hitasunna maí-sept. 1380,9 c
 Hitasunna maí-sept. 1520,1 c

Su 19,8

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Birkiskjólbeltin byrjuðu að sprænga út 5. maí eins og í fyrra, en voru ekki full laufguð fyrr en 11. júní. Lauffall á birki varð 13. okt.

Vöxtur. Vöxtur trjáa var í meðallagi, en vöxtur plantna í gróðrarstöðinni var heldur neðan við meðallag. Mælingar á trjám hafa ekki verið gerðar hér. Vöxtur á birki á Múlakotsaurunum var í sumar alveg undraverður í slíkum jarðvegi og við þær aðstæður sem þar eru.

Fræfall. Fræ á birki var ekkert í gróðrarstöðinni eða hér í nágrenninu. Fræ af reynivið var nokkur, á ilmreyni varð það tölvert en aftur á móti lítið á úlfareyni og gráreyni og berin illa þroskuð, ekkert fræ á silfurreyni. Lúpína var ekki með mikið fræ í ár og lýsti það sér með því að belgir voru fáir á hverjum stöngli. Ekki hefur áður verið eins mikið um köngla á sitkagreni og nú.

Starfsfólk.

Síðastliðinn vetur réðist hingað ungur maður og kom hann 1. marz og byrjuðum við á því að standsetja íbúðina í kjallaranum en ekki hefur verið búið í henni í nokkur ár og býr hann þar. Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði ekki fyrr en í maí byrjun og lauk að mestu í september en þó unnu hér 2 karlmenn í nóvemb, að ljúka við vetrarumbúnað og tæka niður plastgróðurhúsið.

Alls námu launagreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni kr. 579.990,89 og fór mest af því til starfsfólks sem búsett eru hér í hreppnum eða kr. 559.170,12 og er það 96,41 % af öllu kaupi.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	marz	apr.	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	samtals
konur			18	42	37	31	7				135
karl.	4	6	17	23	14	8	8	5	7	4	96
samt.	4	6	35	65	51	39	15	5	7	4	231

Gróðrarstöðin.

Fræplöntur. Kostnaður við fræplöntur varð kr. 146.348,18 . Sáning hófst 29. maí og var byrjað að sá í plastgróðurhúsið en það var látið ganga fyrir að þessu sinni og allur jarðvegs undirbúningur vandaður eins og framast var kostur og gerður eftir tilvísun E. Þorsteinssonar. Sáning var lokið 9. júní, alls var sáð 14,0 kg. af fræi í 627,0 m². Um fræplöntur er það að segja að sáning þessa árs tókst í alla staði vel og hafa 1 árs plöntur sjaldan verið eins stórar og fallegar og í ár.

Vöxtur áplöntunum í plastgróðurhúsinu varð þó ekki eins góður og vonir stóðu til og urðu þær ekki eins stórar og við gerðum okkur vonir um, nema lauftréin sem í því voru en það voru álmur og birki, þóbar tölvert á því að birkið rotnaði 2 vikum eftir að fræið spíraði og mun stafa af því að vökvað var meira en nauðsynlegt var. Vöxtur á öðrum fræplöntum tæplega í meðal-lagi.

Fræplöntur sem dreifsetja átti í vor skemmdust mikið og voru af kvæmi frá Sitka og Cordova. Af sáðbeðskössum eru til 2.650 m².

Dreifsetning. Kostnaður við dreifplöntur varð kr. 150.877,12 Dreifsetningin hófst 6. júní og stóð í 3 vikur, dreifsettar voru 179.650 stk. barrtré og 19.200 stk. af lauftrjám og græðlingum eðasamt. 198.850 stk. Dreifsetningin frá 1966 sem var að langmestuleiti rauðgreni fór illa og varð fyrir nokkru

skakkafalli aðallega af holklaka og framfarir á þeim neðan við meðallag. Vöxtur plantna annars í meðallagi.

Hreinsun. Nú er svo komið að hreinsun á dreifsettum plöntum af barrtrjám er ekkert spursmál lengur. Það er „gesatop“ að þakka en við höfum verið að færa okkur upp á skaftið með notkun þess en fram að þessu höfum við farið mjög varlega.

Áftur á móti er hreinsunar kostnaður á fræbeðum enn verulegur og höfum við ekki enn notað lyf á fræplöntur, það sama er að segja um lauftré og græðlinga.

Umbúnaður. Stór þáttur í kostnaði við fræ-og dreifplöntur er vetrarumbúnaður en hann höfum við þurft að vanda vel og höfum notað til þess trégrindur sem eru 70 - 100 cm. á hæð og eru til um 2.900 lengdarm. af slíkum grindum.

Garðplöntur. Kostnaður kr. 34.190,71 nokkru minni en áætlað var og stafar af því að um mjög litla garðplöntusölu var að ræða í ár og mun klaka sem var í jörðu í vor og fram á sumar þar um að kenna en hann fór víða ekki úr jörðu fyrr en um miðjan júní eins og til dæmis víða í Árnessýslu en þangað höfum við alltaf selt tölvert af garðplöntum.

Áburður. Við höfum aukið áburðar skammt af tilbúnum áburði á plöntur. Berum ammoníumsulfat á barrtré en kalksaltpétur á lauftré og græðlinga.

Annað. Mötuneyti var starfandi hér í 4½ mánuð. Keyptur var ísskápur fyrir mötuneytið og var það til mikilla þeginda fyrir ráðskonunna, áður var ekki um neinn köllir að ræða til geymslu á matvælum að öðru leiti en því að ég hef lofað mötuneytinu að hafa aðgang að frystikistu er ég á sjálfur.

Gróðursetning. Gróðursettar voru 500 stk. af sitkagreni frá Homer.

Byggingar. Fasteignum hér á staðnum voru gerð nokkuð góð skil á þessu ári og veitti ekki af.

Íbúð í kjallara skógarvarðarb. var lagfærð, settir voru gólf-dúkar á svefnherbergi og stofu, en eldhús og snyrtiherbergi flísalögð og íbúðin máluð en hún hefur ekki verið máluð í meir en 12 ár.

Skipt var um þrjá glugga í íbúð skógarv. og 2 falt gler sett í allt húsið og það síðan málað að utan.

Brotin var upp púsningin á suðurhlið á verkamannabústaðnum og hún múrhuðuð og húsið síðan málað að utan.

Fjós og hlaða sem nú verður notað sem kæligeymsla var lagfærð að utan eins og verkamannab. og síðan máluð.

Vélar og verkfæri. Nokkuð var fengi af nýjum verkfærum til stöðvarinnar og ber fyrst að nefna að keypt voru raf- og logsuðutæki, en með tilkomu þeirra verður hægt að lagfæra meira af verkfærum heima en áður hefur verið gert og einnig mun ódýrara er nú þarf ekki að flytja þau um langan veg á verkstöði og greiða þar verkstæðistaksta. Einnig ætti vinnukrafturinn að nýtast betur þar er við getum gert við verkfærin að vetri er ekki er hægt að sinna útistærfum, því nauðsynlegt er að hér sé fastur maður auk mín.

Múlakot. Íveruhúsið var málað bæði að innan og utan svo hægt er að búa í því að sumri til.

Hreinsað var í burtu dauðir runnar og tré og eins grafnar upp rætur af trjám sem áður höfðu verið söguð niður. Lagfærðar voru gömlu limgirðingarnar og reitirnir sléttaðir. Dreifsettar voru ýmsar tegundir af lauftrjám og plantað nokkrum tegundum af trjám og runnum sem ekki voru þar fyrir og verður því haldið áfram á næsta ári. Mesta vinnan fór í að uppræta íllgresi sem lagt hefur undir sig staðin á undanförunum árum.

Sáningar.

Sitkagreni	B-590	Cordova	0,85 kg.	30,0 m2.
Fjallabirki	...	B-646	Skill	0,25 -	6,0 -
Rauðgreni	B-664	Levanger	0,80 -	48,0 -
Rauðgreni	B-665	Trysil	1,70 -	84,0 -
Rauðgreni	B-666	Namdøl eid	..	0,50 -	24,0 -
Sitkagreni	B-668	Sitka	0,40 -	13,5 -
Stafafura	B-671	Fort	0,55 -	49,5 -
Stafafura	B-672	Skagway	0,75 -	69,0 -
Birki	B-684	Bæjarstað	...	4,50 -	115,5 -
Bergfura	B-689	Ht.confl.	...	2,00 -	120,0 -
Svartfura	B-690	Austurríki	..	0,20 -	10,5 -
Sitkagreni	B-693	Seward	<u>1,50 -</u>	<u>57,0 -</u>
			Samtals		14,00 kg.	627,0 m2.
					=====	=====

Dreifsetning 1967.

Bergfura	B-655	2/0	33.120 stk.
Sitkagreni	B-590	Cordova	3/0 15.400 -
Rauðgreni	B-610	Mosvík	3/0 120.070 -
Sitkagreni	B-632	Sitka	3/0 7.700 -
Douglasgreni	..	B-566	4/0	<u>3.360 -</u>
			Samtals		179.650 stk.
					=====

Garðplöntur og græðlingar.

Viðja	16.500 stk.
Grávíðir	1.200 -
Reynir	500 -
Askur	<u>1.000 -</u>
		Samtals 19.200 stk.
		=====

Plöntur til dreifsetningar 1968.

Lerki	B-587	Senk.	4/0	2.500 stk.
Rauðgreni	B-626	Sörli	3/0	990 -
Elri	F-647	Næröy	3/0	4.200 -
Rauðgreni	B-648	Meldal	3/0	65.000 -
Sitkagreni	B-649	Sitka	3/0	30.000 -
Stafafura	F-650	Skagway	3/0	10.000 -
Elri	B-653	Svíþjóð	3/0	1.000 -
Rauðgreni	B-667	Löten	2/0	51.000 -
Stafafura	B-674	Petersb. ...	2/0	12.400 -
Birki	B-641	Bejarst.	2/0	<u>10.000 -</u>
		Samtals		187.090 stk.
		=====		=====

Afhentar plöntur 1967.

Sitkagreni	B-466	Seward	3/4	6.200 stk.
Sitkagreni	F-522	Homer	3/3	3.500 -
Rauðgreni	B-530	Rissa	2/3	19.300 -
Bergfura	B-584	2/3	2.500 -
Stafafura	B-585	Barkerv. ...	2/2	7.800 -
Lerki	B-587	Senk.	3/0	10.000 -
Stafafura	B-591	Skagway	3/0	32.800 -
Bergfura	F-592	H. confl. ..	3/0	<u>3.800 -</u>
		Samtals		85.900 stk.
		=====		=====

Dreifsetningarplöntur afhentar til annarra stöðva.

Rauðgreni	B-579	Stjörðal ...	3/0	43.000	stk.
Stafafura	B-591	Skagway	3/0	<u>7.000</u>	-
		Samtals		<u>50.000</u>	stk.

Plöntur til afhendingar 1968.

VOP.

Sitkagreni	B-466	Seward	3/5	6.000	stk.
Sitkagreni	B-466	Seward	4/3	1.040	-
Rauðgreni	B-530	Rissa	2/4	3.950	-
Sitkagreni	B-522	Homer	3/3	11.310	-
Rauðgreni	B-530	Rissa	4/3	600	-
Sitkagreni	B-548	Homer	3/3	5.300	-
Hvítgreni	B-549	M.P.	3/3	6.250	-
Sitkabastarður	B-550	M.P.	3/3	7.610	-
Rauðgreni	B-554	Namdafl	3/3	4.140	-
Douglasgreni ..	B-564	Bluberry ...	3/2	2.100	-
Douglasgreni ..	B-566	3/2	1.900	-
Bergfura	B-595	Sviss	3/0	7.860	-
Stafafura	B-650	Skagway	3/0	29.280	-
Bergfura	B-655	3/0	<u>17.700</u>	-
		Samtals		<u>105.040</u>	stk.

Síðsumars.

Rauðgreni	B-579	Stjörðal ...	3/2	<u>48.475</u>	stk.
		Samtals		<u>48.475</u>	stk.

Afhentar garðplöntur 1967.

Birkikvistur	478	stk.
Runnamura	34	-
Viðja	973	-
Sitkagreni	361	-
Gráreyrnir	27	-
Úlfareynir	13	-
Ribs	118	-
Sólber	4	-
Birki	658	-
Broddfura	3	-
Rauðblaðarós	6	-
Garðarós	5	-
Fjallaribs	6	-
Alaskaösp	76	-
Stafafura	125	-
Elri	79	-
Rauðgreni	<u>50</u>	-

Samtals 3.416 stk.
=====